

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 143

Febrúar 2019

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Jökлараннsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 26. febrúar 2019 í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Efni fundarins: Hefðbundin aðalfundarstörf.

Að loknum aðalfundarstörfum verður sýnd kvikmynd Árna Stefáns-sonar um Fransk-íslenska leiðangurinn á Vatnajökul í mars-apríl 1951.

ADALFUNDUR

Aðalfundur Jökларannsóknafélags Íslands verður haldinn þriðjudaginn 26. febrúar 2019 kl. 20:00 í sal 132 í Öskju, Náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Kjör heiðursfélaga
3. Skýrsla stjórnar
4. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
5. Lagabreytingar (engar tillögur hafa borist)
6. Kosning stjórnar
7. Kjör valnefndar
8. Kosning endurskoðenda
9. Önnur mál

FRANSK-ÍSLENSKI LEIÐANGURINN Á VATNAJÖKUL Í MARS - APRÍL 1951

Eftir hefðbundin aðalfundarstörf verður sýnd kvikmynd Árna Stefáns-sonar um Fransk-íslenska leiðangurinn 1951. Þessi leiðangur er einn sá mikilvægasti í sögu rannsókna á Vatnajökli og má rekja stofnun Jökla-rannsóknafélagsins haustið 1950 til þess að nauðsynlegt var að búa til umgjörð um leiðangurinn og fylgja honum eftir með uppbyggingu skipulegra rannsókna. Verkefni leiðangursins var að mæla þykkt Vatna-jökuls og fór hann um Breiðamerkurjökul, Brúarjökul, Dyngjujökul, Köldukvíslarjökul, Grímsvötn og Skeiðarárjökul í þeim tilgangi. Leið-angurinn var jafnframt sá fyrst sem farinn var á Vatnajökul á snjóbilum en Frakkar lögðu til tvo vísla til ferðarinnar. Þátttakendur voru fimm. Af Íslands hálfu voru það Jón Eypórsson, sem jafnframt var leiðangurs- stjóri, Sigurjón Rist vatnamælingamaður og Árni Stefánsson bifvéla- virki. Frönsku þátttakendurnir voru Alain Joset jarðeðlisfræðingur og Stephan Sanvelian bílstjóri og bifvélavirki.



Fransk-íslenski leiðangurinn á leið upp Breiðamerkurjökul í mars 1951 (Jökull, 1. hefti, bls. 10). Ljósmynd: Árni Stefánsson.

Leiðangurinn lagði á Breiðamerkurjökul 19. mars og naut aðstoðar og leiðsagnar Kvískerjabræðra til að komast á jökul. Leiðangursmenn gistu í tjöldum og sátu m.a. veðurtepptir á Köldukvíslarjökli í fjóra daga um miðjan apríl. Þann 25. þess mánaðar lauk jöklaferðinni. Í lok hennar fluttu snjóbílastarir efni til skálabyggingar í Esjufjöllum og þar var fyrsta hús félagsins reist þetta sama sumar.

Hægt er að lesa frásögn Jóns Eypórssonar af ferðinni í 1. árgangi Jökuls sem nú er orðin aðgengileg á vefnum: "<http://timarit.is>". Frakkarnir voru á leið til Grænlands til samskonar mælinga á Grænlandsjökli þetta sama sumar. Alain Joset varð ekki langlífur því snjóbíll hans fór í sprungu á Grænlandsjökli þann 4. ágúst. Er talið að Joset ásamt samferðamanni sínum, verkfræðingnum Jens Joachim Jarl, hafi fallið niður á um 60 m dýpi og náðust lík þeirra aldrei.

Árni Stefánsson var lykilmaður í jöklaferðum um miðja 20. öld og var ásamt Sigurjóni Rist fyrstur til að fá heiðursmerki félagsins, jökla-stjörnuna, á 20. ára afmæli þess árið 1970. Því var við brugðið hversu flinkur ferðamaður Árni var. Hann var léttur í lund, hafði ráð undir rífi

hverju og gat gert við allt sem bilaði. Árni tók mikið af ljósmyndum á ferli sínum auk þess að vera brautryðjandi í kvikmyndatöku í jökla- og fjallaferðum.

Myndin um Fransk-Íslenska leiðangurinn er um hálf tími að lengd, tekin í lit og hin forvitnilegasta í alla staði. Efni myndarinnar og bakgrunnur verður skýrður samhliða sýningunni. Félagsfólki gefst því gott tækifæri að sjá þessa merku kvikmynd á aðalfundinum 26. febrúar næstkomandi.

Magnús Tumi Guðmundsson

GJÖRFÍ

Gönguferðir GJÖRFÍ, gönguhóps Jöklarannsóknafélagsins, eru á allra færi og eru að jafnaði farnar annan hvern fimmtudag kl. 17:30. Í forsvari fyrir hópnum eru Ástvaldur Guðmundsson og Þóra Karlsdóttir. Dagskráin fram á sumar er hér að neðan.

Dags.	Áfangastaður	Brottför
14. feb.	Kópavogsdalur	Digraneskirkja
28. feb.	Fossvogsdalur	Borgarspítali (að austanv.)
14. mars	Grafarvogur	Korpúlfsstaðir
28. mars	Nauthólsvík	Nauthóll
11. apríl	Vatnsmýrin	Norræna húsið
25. apríl	Guðmundarlundur	Guðmundarlundur
9. maí	Hvaleyrarvatn	N1 Hafnarfirði
23. maí	Kringum Helgafell	N1 Hafnarfirði
6. júní	Búrfellsgjá	Heiðmörk
20. júní	Heiðmörk	Vífilsstaðahlíð
Sumarfrí		
15. ágúst	Tröllafoss	Orkan Ártúnsbrekku
29. ágúst	Guðmundarlundur	Guðmundarlundur

SPORÐAMÆLINGAR HAUSTIÐ 2018

Mælingar á stöðu jökulsporða haustið 2018 hafa nú borist fyrir yfir þrjátíu staði. Upplýsingar eiga enn eftir að tínast inn frá nokkrum mælistöðum og vonumst við til að heildarfjöldi mælinga verði nálægt fjórtíu. Helstu fréttir af stöðu jökulsporða eru að Múlajökull gengur fram á tveimur af þremur mælistöðum Leifs Jónssonar og fylgdarmanna. Múlajökull er þekktur framhlaupsjökull en ekki hefur orðið vart óvenjulegra sprungna eða bingu á jöklinum og því ólíklegt að þessi framgangur tengist framhlaupi, þó ekki sé hægt að útiloka það. Jökullinn hefur verið brattur rétt við sporðinn undanfarin ár en samkvæmt jarðsjár- og íssjármælingum Ívars Arnars Benediktssonar og fleiri, er líklegt að það sé frekar vegna hryggs sem liggur samsíða jaðrinum rétt inn undir jöklinum heldur en að brattinn sé merki um framhlaup. Aðrar markverðar fréttir eru að Skeiðarárjökull austanverður hopar mikið samkvæmt mælingum Ragnars Franks Kristjánssonar. Hópið er yfir 200 m síðan haustið 2017 á tveimur af þremur mælistöðum. Þetta er sérstaklega áhugavert í ljósi þess að framgangur upp á tugi metra mældist við tvo af þessum þremur mælistöðum haustið 2017. Hugsanlegt er að sístækkandi lón framan við jökulinn valdi óreglu í breytingum á stöðu sporðsins en slíkt er þekkt fyrir aðra jökla sem ganga fram í jaðarlón.



Eystri Hagafellsjökull í október 2018, dauðis hefur orðið eftir í lægðinni fyrir framan sporðinn og misst samband við jökulinn sjálfan. Í forgrunni er Haraldur Gunnarsson sem slóst í för með mælingamanni. Ljósmynd: Einar Ragnar Sigurðsson.

Eins og kom fram í fyrra hefur landslag framan við Eystri Hagafellsjökul tekið miklum breytingum undanfarin ár. Nú hefur dauðisfláki slitnað frá jökulsporðinum og þar af leiðandi telst sporðurinn hafa hopað eða réttara sagt styst um 700 m. Á mynd má sjá lægðina sem dauðisinn situr eftir í og sporðurinn hangir fram á brúninni.

Samkvæmt mælingum Viðars Más Matthíassonar heldur Kaldalónsjökull einnig áfram að hopa mikið og mælist hofið um 182 m frá haustinu 2017. Svipaða sögu er að segja við Sólheimajökul, en hann hefur hopað um 134 m, sem er jafnt mesta hofi sem áður hefur mælst í 88 ára mælingasögu við jökulinn, en jökullinn hörfaði um 134 m 2007–2008. Aðrir mældir jöklar hopa minna.



Mynd: Hulda Axelsdóttir stendur við nýja stiku sem sett var niður fyrir framan Tindfjallajökul haustið 2017, en fyrstu mælingar á breytingu milli ára bárust þaðan í haust. Ljósmynd: Albert Þorbergsson.

Síðastliðið haust var nýtt minnisblað með leiðbeiningum um verklag við mælingar á jökulsporðum sent á sporðamælingafólk félagsins.

Undanfarin ár hafa orðið miklar framfarir í staðsetningartækni og nú skila venjuleg GPS-leiðsögutæki láréttri staðsetningu með betri nákvæmni en ± 5 m, og oftast er nákvæmnin $\pm(1-2)$ m. Þessi nákvæmni er vel viðunandi fyrir árlegar mælingar á jökulsporðum. Leiðbeiningarnar miða því að aukinni notkun GPS-tækja eða snjallsíma með GPS-móttakara við mælingarnar. Áhugasamir geta nálgast blaðið á slóðinni: „<http://spordakost.jorfi.is/data/skjol/sporda-leidbeiningar.pdf>”.

Til stendur að uppfæra sporðamælingavef félagsins, bæta við myndefni og birta lista yfir mælingamenn og -konur frá upphafi á hverjum stað: “<http://spordakost.jorfi.is>”. Margir hafa verið ötulir að taka myndir og senda til okkar en við getum gert enn betur og tökum við gjarnan á móti fleiri myndum af jökulsporðum og úr mælingaferðum á netfangið spordar@vedur.is, sem stofnað hefur verið fyrir fyrirspurnir og skil á sporðamæligögnum. Sérstaklega gagnlegt er að sjá myndir sem eru teknar frá (nákvæmlega) sama sjónarhorni, í sömu stefnu og sömu brennivídd (sama aðrætti), ár frá ári. Ljósmyndaraðir sem sýna árlegar breytingar eru mikilvægar, ekki bara fyrir vísindalega skrásetningu, heldur líka til þess að koma á framfæri upplýsingum um jökla-breytingar. Einnig er verið að skrásetja hnit allra viðmiðunarpunkta, jöklamerki, vörður, járnstangir, bolta og förum við þess á leit við mælingamenn að þeir skrái hjá sér staðsetningu og sendi okkur hnit eldri og nýrri viðmiðunarpunkta, ef þeir hafa ekki nú þegar sent þær upplýsingar.

Nú í ár verða breytingar á umsjón með sporðamælingunum en Hrafnhildur Hannesdóttir jöklafræðingur, sem ráðin hefur verið til starfa á Veðurstofunni, mun taka við þeim. Hrafnhildur hefur áður unnið að rannsóknum á sögu og framtíðarhorfum suðaustanverðs Vatnajökuls og ýmsum öðrum jökultengdum málefnum. Mælingarnar eru því í góðum höndum og hún hefur góða þekkingu á jökla-breytingum og þýðingu þeirra.

Talsverður áhugi hefur verið á niðurstöðum, framkvæmd og sögu sporðamælinganna. Bandaríska veftímaritið UnDark, sem fjallar um vísindi og umhverfismál frá ýmsum sjónarhornum, birti t.d. á vor-

dögum grein um mælingarnar. Í greininni var rætt við Hallstein Haraldsson og Kristjönu Eyþórsdóttur auk þess sem almennt var gerð grein fyrir sporðamælingunum. Hægt er að nálgast greinina á vefslóðinni: „<https://undark.org/article/climate-change-iceland-glaciers-keepers/>“. Einnig var fjallað um sporðamælingarnar í skrifum fyrir nemendur í gagnfræðaskólum í New York ríki, til að koma skila-boðunum um áhrif loftslagbreytinga til þeirra og læða að þeim þeirri hugmynd og hægt sé að stunda vísindi úti í náttúrunni, en ekki bara innilokaður á rannsóknastofu í hvítum slopp með smásjá. Þessu til við-bótar hefur BBC sýnt sporðamælingunum áhuga vegna þáttaraðar um loftslagsbreytingar sem nú er í framleiðslu. Til stendur að nota hop jökla á Íslandi sem dæmi um áhrif hlýnunar jarðar og fékk framleiðslu-teymi þáttanna að fljóta með og kvikmynda mælingar feðganna Gunnlaugs Einarssonar og Einars Gunnlaugssonar við Sólheimajökul nú í haust. Það er því ljóst að varúðarhróp jöklanna, sem við heyrum í árlegu hopi þeirra, eiga erindi við umheiminn.

Bergur Einarsson og Hrafnhildur Hannesdóttir

SKÁLAGJÖLD 2019

Á fundi stjórnar Jöklarannsóknafélagsins 7. janúar síðastliðinn var gjaldskrá fyrir gistingar í skálum félagsins ákveðin. Gjaldskráin er óbreytt frá fyrra ári og er sem hér segir:

	Félagsmenn kr/nótt/mann	Utanfélagsmenn kr/nótt/mann
Grímsfjall	3.500,-	5.000,-
Jökulheimar	3.000,-	4.500,-
Esjufjöll	3.000,-	4.500,-
Aðrir skálar	2.000,-	3.500,-

Tekið er við fyrirspurnum um bókanir í skálana á vef félagsins: ”<http://jorfi.is/>”, en á síðunni er ítarlegar upplýsingar varðandi bókanir og skálana.

VORFERÐ JÖRFÍ 2019

Vorferð Jökларannsóknafélagins er alla jafna farin í lok maí eða byrjun júní og stendur yfir í um viku, þó stundum hafi verið farið í tveggja vikna ferðir. Hópurinn í ferðinni samanstendur af sjálfboðaliðum úr JÖRFÍ, framhaldsnemum í jarðvísindum, ásamt vísinda- og tæknifólki frá m.a. Jarðvísindastofnun Háskólans og Veðurstofu Íslands. Fjöldi þátttakenda í ferðinni takmarkast við u.þ.b. 25 manns. Áhugasamir félagsmenn geta sótt um að taka þátt í ferðinni.

Sjöfn Sigsteinsdóttir

AFKOMUMÆLINGAR JÖRFÍ Á MÝRDALSJÖKLI 2018

Ferð JÖRFÍ til vorafkomumælinga 2018 á Mýrdalsjökli var fyrirhuguð helgina 26.-27. maí. Vegna vondrar tíðar var ferðinni frestað og eld-snemma morguns mánudaginn 28. maí fór rúmur tugur manna og kvenna frá Reykjavík á þrem bílum. Vel gekk að jökli en af veginum á jökul var æði torsótt fyrir bílana (nýr HILUX Veðurstofu Íslands og Jökla-Rauður JÖRFÍ), snjórinn þungur og lítil viðspyrna. Auk bílanna var farið á einum sleða. Fyrir voru á jöklinum Eyjólfur Magnússon og Sveinbjörn Steinþórsson frá Jarðvísindastofnun (JH) á tveimur sleðum við íssjarmælingar, uppsetningu GPS-tækja og fleira. Um hádegisbil var loks komið á hásléttu jökulsins. Þar skipti hópurinn með sér verkum, VÍ billinn fór rakiðis í nyrðri mælistaðinn (M2) en Jökla-Rauður í þann syðri (M1) á hásléttu Mýrdalsjökuls. Unnið var samtímis að borun á báðum þessum stöðum. Borun gekk seinlega, nær allur vetrarsnjórinn þíður og einungis stuttir bútar sem náðust upp í hverri atrennu. Dagur var að kvöldi kominn þegar vinna við holurnar á þessum tveimur stöðum var lokið.

Auk kjarnaborunar var sett upp veðurstöð JH rétt við M1, nokkur hundruð km snjóþykktarsniða mæld, auk þess sem unnið var bæði að íssjárnsniðmælingum í kötlum Mýrdalsjökuls, unnið að uppsetningu GPS-tækja í sumum þeirra og skriðstikum umhverfis þá. Að þessu sinni tókst hvorki mæla vetrarsnjóþykkt á Goðabungu, eða á þeim tveim



Unnið að vetrarafkomumælingu á mælistað M1, á ísaskilum Sólheimajökuls og Kötlujökuls.

mælistöðum sem stundum hefur verið mælt í á Sléttjökli. Að kvöldi hélt ánægður en þreyttur hópur til Reykjavíkur en þeir tveir, JH menn, urðu eftir til frekari vinnu.

Þann 25. ágúst fór Eyjólfur enn á Mýrdalsjökul vegna Kötlu Köldu verkefnisins, nú með tvo aðstoðarmenn; þeir lásu af afkomustikum í M1 og M2, auk þess sem mælingar þeirra á skriðstikunum nýtast líka til að meta sumarrýrnunina.

Snjólag vetrar var með þykkasta móti 12,1 m (M1) og 10,8 m (M2) eða 7,3 og 5,6 m að vatnsjafngildi. Sumar rýrnun var óvenju lítil að meðaltali 1.5 m að vatnsgildi.

Finnur Pálsson og Eyjólfur Magnússon



Mælingafólkið, glaðlegt við jökulrönd, eftir langan en skemmtilegan vinnudag. Á myndina vantar Eyjólf og Sveinbjörn, sem enn voru að vinna, og ljósmyndarann.



Síðdegisútsýni til Vestmannaeyja og Eyjafjallajökuls, af Mýrdalsjökli.

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Hálfán Ágústsson